

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 124/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ragnari Þór Gunnarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 25. mars 1996. Af hálfu ákærvalds er nú krafist staðfestingar héraðsdóms.

Ákærði krefst þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð og hún verði jafnframt skilorðsbundin með öllu eða að hluta.

Ákærði unir niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árunum 1982 til 1991 hlotið þrjá dóma og gengist undir eina dómsátt vegna brota á almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Að auki hlaut ákærði dóm 27. október 1988 vegna brota á 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Með þessari athugasemd og þar sem ekki eru efni til að binda refsinguna skilorði, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að í ákæru segir, að ákærða sé gefið að sök að hafa brotist inn í húsnæði Frjálsrar fjölmiðlunar hf. á nánar tilgreindum stað. Þá er í ákæru gerð krafa um skaðabætur af hálfu Guðjóns Gísla Guðmundssonar og Brynhildar Gunnarsdóttur. Samkvæmt gögnum málsins braust ákærði inn í húsnæði Frjálsrar miðlunar hf., og var umrædd skaðabótakrafa gerð í nafni þess félags, en bréf um

hana undirritað af fyrrnefndum Guðjóni og Brynhildi af hálfu þess. Héraðsdómari gætti ekki að þessum mistökum í ákæru við úrlausn málsins, en ekki verður nú hreyft við niðurstöðu hans um skaðabætur, þar sem áfrýjun tekur ekki til þess þáttar málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Þór Gunnarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. febrúar 1996.

Mál þetta var dómtekið 15. þ. m. og er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 23. janúar 1996, á hendur „Ragnari Þór Gunnarssyni, kt. 170966-5039, Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 9. september 1995 brotist inn í húsnæði Frjálsrar fjölmiðlunar hf., Hólshrauni 5, Hafnarfirði, og stolið tveimur tölvum af gerðunum McIntosh Quadra 950, MacIntosh LC ásamt lyklaborðum, tölvuskjá, skjásíu, tölvuprentara, diskdrifstöð, 600 punkta litaskanna, handskanna og lím-miðataeki, samtals að verðmæti um 4.500.000 kr.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast Guðjón Gísli Guðmundsson, kt. 271063-7179, og Brynhildur Gunnarsdóttir, kt. 190168-3449, 164.500 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 9. 9. 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags“.

Í þinghaldi 15. þ. m. játaði ákærði sök, og var málið síðan reifað af ákæranda og verjanda um viðurlög og lagaatriði. Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, er honum er gefið að sök í ákæru og þar er réttilega fært til refsíákvæðis. Ákærði hefur einu sinni undirgengist sátt og fjórum sinnum hlotið dóma fyrir umferðarlagabrot og brot gegn 155., 244. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. Með hliðsjón af brotaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Eftir kröfu Guðjóns Gísla Guðmundssonar og Brynhildar Gunnarsdóttur, sem ákærði hefur samþykkt, ber að dæma hann til greiðslu bóta, að fjárhæð 164.500 krónur, ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá tjóns-

degi 9. september 1995 til dagsins í dag, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Þór Gunnarsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði Guðjóni Gísla Guðmundssyni og Brynhildi Gunnarsdóttur 164.500 krónur með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1995 til 20. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun, skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 35.000 krónur.
